



OPINBERT TILBOÐSYFIRLIT
VEGNA VALFRJÁLS TILBOÐS AU 22 EHF. TIL
HLUTHAFA ORIGO HF.

19. janúar 2023

UMSJÓNARAÐILI



Efnisyfirlit

1.	Inngangur.....	3
2.	Valfrjálst tilboð	3
3.	Skilmálar tilboðsins	4
4.	Upplýsingar um Origo.....	7
5.	Umsjónaraðili	7
6.	Framtíðaráætlanir	8
7.	Skýrsla stjórnar	9
8.	Samþykki valfrjálsa tilboðsins.....	9
9.	Upplýsingaskylda.....	11
10.	Valdar fjárhagsupplýsingar	13
11.	Hlutfé	16
12.	Erlendir hluthafar	16
13.	Ógilding eða afturköllun tilboðs	17
14.	Breytingar á tilboðsyfirlitinu.....	17
15.	Ýmislegt.....	17
16.	Lög og lögsaga	18

1. Inngangur

Þetta tilboðsyfirlit inniheldur mikilvægar upplýsingar sem ætti að lesa gaumgæfilega áður en ákvörðun er tekin í tengslum við tilboðið.

Engum aðila er heimilt að veita upplýsingar eða gefa yfirlýsingar í tengslum við þetta tilboð, fyrir hönd tilboðsgjafa, AU 22 ehf. kt. 641022-0550, Lágmúla 9, 108 Reykjavík („tilboðsgjafi“ eða „AU 22“), eða aðila tengdum tilboðsgjafa, aðrar en þær sem eru tilgreindar í þessu tilboðsyfirliti. Ef slíkar upplýsingar eða yfirlýsingar eru veittar eða gefnar, er ekki hægt að reiða sig á þær.

Gerð þessa tilboðs skal ekki undir neinum kringumstæðum túlkast á þann hátt að ekki hafi orðið neinar breytingar á högum tilboðsgjafa eða Origo hf., kt. 530292-2079, Borgartúni 37, 105 Reykjavík („Origo“ eða „félagið“), frá dagsetningu þessa tilboðsyfirlits eða að þær upplýsingar sem fram koma í þessu tilboðsyfirliti séu réttar, eftir dagsetningu þessa tilboðsyfirlits. Enginn af tilboðsgjafa, aðilum tengdum tilboðsgjafa eða umsjónaraðila hafa samþykkt að greiða einhver hlunnindi, bætur eða aðrar greiðslur til stjórnar eða stjórnenda Origo í tengslum við þetta tilboð.

Tilboðið, sem lýst er í þessu tilboðsyfirliti, er sett fram á grundvelli valfrjáls tilboðs tilboðsgjafa samkvæmt 101. gr. laga nr. 108/2007 um yfirtökur, með síðari breytingum („lög um yfirtökur“). Skilmálar og skilyrði tilboðsins koma fram í þessu tilboðsyfirliti.

Vakin er athygli hluthafa á því að ef þeir samþykkja tilboð þetta felst í því bindandi og óafturkræft samþykki, nema í þeim tilvikum sem sérstaklega eru tilgreind í þessu tilboðsyfirliti.

2. Valfrjálst tilboð

Þann 12. desember 2022 tilkynnti AU 22 fyrirætlán sína um að leggja fram valfrjálst tilboð í Origo á grundvelli 101. gr. laga um yfirtökur. AU 22 fór þann 12. desember 2022 með eignar- og atkvæðisrétt fyrir samtals 36.182.430 hlutum í Origo eða sem samsvarar 25,8% af heildarhlutafé Origo, eða 26,3% af útistandandi hlutum þegar tekið hefur verið tillit til eigin hluta.

Tilboðsgjafi er AU 22, eignarhaldsfélag í fullri eigu Umbreytingar II slhf., framtakssjóðs í rekstri Alfa Framtaks ehf. („Alfa Framtak“). Alfa Framtak er óháður rekstraraðili sérhæfðra sjóða sem leggur áherslu á framtaksfjárfestingar og starfar samkvæmt lögum um rekstraraðila sérhæfðra sjóða nr. 45/2020. Alfa Framtak fjárfestir í fyrirtækjum, oftast sem meirihlutaeigandi, og beitir sér markvisst fyrir virðisaukningu. Stefna Alfa Framtaks er að skila fyrirtækjum af sér í betra ástandi en þegar þau voru keypt og þannig skilja eftir jákvæð fótspor í íslensku viðskiptalífi. Alfa Framtak vill vera fyrsta val stjórnenda og athafnafólks. Sem samstarfsaðili beitir Alfa Framtak sér með virkum hætti og hefur sveigjanleika til þess að fjárfesta í fjölbreyttum fyrirtækjum, styðja við vöxt og leiða umbreytingar. Alfa Framtak rekur tvo framtakssjóði, Umbreytingu I slhf. sem er fullfjárfestur 7 milljarða kr. sjóður og Umbreytingu II slhf. sem er nýlega stofnaður 15 milljarða kr. sjóður.

Tilboðsgjafi gerir öllum hluthöfum Origo valfrjálst tilboð (hér nefnt „valfrjálst tilboð“ eða „tilboð“) sem lýst er í þessu tilboðsyfirliti („tilboðsyfirlit“).

Tilboðsverðið er 101 króna í reiðufé fyrir hvern hlut í Origo í samræmi við nánari skilmála þessa tilboðsyfirlits. Skilmálar tilboðsins uppfylla skilyrði ákvæða 2.-4. mgr. 103. gr. laga um yfirtökur eins og um skyldubundið yfirtökutilboð væri að ræða. Af því leiðir að tilboðsgjafa verður ekki skylt að gera yfirtökutilboð í samræmi við 100. gr. laga um yfirtökur nái hann yfiráðum í Origo, í skilningi umrædds ákvæðis, í kjölfar tilboðsins.

Tilboðið nær til allra útistandandi hluta í Origo og nær því ekki til skilgreinds hámarks- eða lágmarkshlutfalls eða ákveðins magns hluta.

Hinn 23. desember 2022 keypti AU 22 samtals 4.827.878 hluti í Origo, til viðbótar við þá hluti sem tilboðsgjafi eignaðist í aðdraganda áðurnefndar tilkynningar hans þann 12. desember sl., á genginu 101 króna á hlut og á því, á þeim degi sem tilboðsyfirlit þetta er dagsett, samtals 41.010.308 hluti í Origo

sem samsvarar 29,3% af heildarhlutafé félagsins, eða 29,9% af útistandandi hlutum þegar tekið hefur verið tillit til eigin hluta.

Arion banki hf., kt. 581008-0150, Borgartúni 19, 105 Reykjavík („Arion banki“) hefur verið ráðinn umsjónaraðili með valfrjálsa tilboðinu fyrir hönd tilboðsgjafa.

3. Skilmálar tilboðsins

Hér fyrir neðan má finna upplýsingar um tilboðið, skilmála þess og það ferli sem þarf að fylgja til að samþykkja tilboðið.

1. Félagið	Tilboð þetta nær til hluta í Origo hf., kt. 530292-2079, Borgartúni 37, 105 Reykjavík. Frekari upplýsingar um Origo og starfsemi þess má finna á vef félagsins www.origo.is .
2. Tilboðsgjafi	Tilboðsgjafi er einkahlutafélagið AU 22 ehf., kt. 641022-0550, Lágmúla 9, 108 Reykjavík. AU 22 ehf. er félag í fullri eigu Umbreytingar II slhf., framtakssjóðs í rekstri Alfa Framtaks ehf., kt. 470217-1030, Lágmúla 9, 108 Reykjavík. Frekari upplýsingar um Alfa Framtak og starfsemi þess má finna á www.alfaframtak.is .
3. Tilboðshafar	Tilboði þessu er beint að öllum hluthöfum Origo öðrum en tilboðsgjafa og Origo sjálfu við lok viðskiptadags þann 18. janúar 2023.
4. Hlutir og atkvæðisréttur tilboðsgjafa	Fyrir tilboðið fer tilboðsgjafi með eignar- og atkvæðisrétt fyrir samtals 41.010.308 hlutum í Origo eða sem samsvarar 29,3% af heildarhlutafé Origo, eða 29,9% af virkum atkvæðum félagsins, þ.e. þegar tekið hefur verið tillit til eigin hluta Origo.
5. Tilboðsverð	<p>Hluthöfum Origo er boðin 101 króna fyrir hvern hlut í Origo, kvaða- og veðbandslausan, en hver hlutur er að nafnvirði 1 króna.</p> <p>Tilboðsverðið er ákvarðað í samræmi við ákvæði 2. mgr. 103. gr. laga um yfirtökur. Tilboðsverðið svarar til hæsta verðs sem tilboðsgjafi hefur greitt fyrir hluti í Origo síðustu sex (6) mánuði áður en tilboð var sett fram.</p> <p>Tilboðsverðið er jafnt síðasta viðskiptaverði daginn áður en tilkynnt var um fyrirhugað tilboð, en við lokun markaða þann 9. desember 2022 var viðskiptaverð hluta í Origo 101 króna á hlut. Tilboðsverðið er 14,4% hærra en veltuleiðrétt meðalverð hlutabréfa í Origo að teknu tilliti til lækkunar hlutafjár frá tilkynningu um sölu Tempo og 11% hærra frá því að hlutafjárlækkun fór fram 7. desember síðastliðinn.</p> <p>Tilboðsverðið verður greitt til þeirra hluthafa Origo sem hafa samþykkt tilboðið með gildum hætti.</p> <p>Tilboðsverðið verður greitt í reiðufé.</p>

	<p>Tilboðsverðið uppfyllir skilyrði ákvæða 2.-4. mgr. 103. gr. laga um yfirtökur eins og um skyldubundið yfirtökutilboð væri að ræða.</p> <p>Tilboðsgjafi áskilur sér enn fremur rétt, í samræmi við gildandi reglur, til þess að kaupa hluti í Origo á meðan tilboðstímabili stendur, utan þessa tilboðs, í kauphöll á markaðsverði eða í utanþingsviðskiptum með samningum við einstaka hluthafa. Ef greitt er hærra verð í slíkum viðskiptum en kveðið er á um í tilboði þessu, mun tilboðsgjafi breyta tilboðinu og bjóða það verð. Ef tilboðsgjafi greiðir hærra verð eða býður betri kjör fyrir hlutina næstu þrjá (3) mánuðina eftir að tilboðstíma lýkur, skuldbindur tilboðsgjafi sig til þess að greiða þeim hluthöfum sem samþykktu upphaflega tilboðið viðbótargreiðslu sem samsvarar mismuninum.</p> <p>Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands getur breytt tilboðsverði, til hækkunar eða lækkunar, ef um sérstakar kringumstæður er að ræða, samanber 8. mgr. 103. gr. laga um yfirtökur.</p> <p>Tilboðið nær til allra útistandandi hluta í Origo og nær því ekki til skilgreinds hámarks- eða lágmarkshlutfalls eða ákveðins magns hluta. Skilyrði samkvæmt 4. tl. 113. gr. laga um yfirtökur eiga því ekki við í tilboðinu.</p>
<p>6. Skilyrði tilboðs</p>	<p>Tilboðið er háð því skilyrði aðsamkeppnisyfirvöld geri ekki athugasemd við kaupin eða setji þeim skilyrði sem tilboðsgjafi getur ekki sætt sig við.</p> <p>Skilyrði tilboðsins sem að ofan greinir er eingöngu til hagsbóta fyrir tilboðsgjafa. Tilboðsgjafi getur staðfest eða fallið frá þessu skilyrði að eigin vild, hvenær sem er, í heild sinni eða að hluta, allt þar til niðurstaða tilboðsins verður kynnt í samræmi við lög. Þar að auki áskilur tilboðsgjafi sér rétt til þess að afturkalla tilboðið í samræmi við ákvæði 105. gr. laga um yfirtökur.</p>
<p>7. Gildistími tilboðs</p>	<p>Gildistími valfrjálsa tilboðsins er fimm (5) vikur, frá kl. 09:00 þann 19. janúar 2023 til kl. 13:00 þann 22. febrúar 2023.</p> <p>Tilboðsgjafi áskilur sér einhliða rétt til að samþykkja þau samþykkiseyðublað sem berast eftir að gildistími tilboðsins rennur út.</p> <p>Hluthafar bera sjálfir ábyrgð á að afhenda samþykkiseyðublaðið í samræmi við tilboðsyfirlit þetta og að það berist tímanlega.</p> <p>Tilboðsgjafi áskilur sér rétt til að framlengja tilboðið að því marki sem heimilt er samkvæmt ákvæðum laga um yfirtökur einkum 6. mgr. 103. gr., 107. gr. og 2. mgr. 108. gr. laganna. Þá getur Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands framlengt tilboðstímann ef gildar ástæður eru fyrir hendi.</p>

<p>8. Niðurstöður tilboðs</p>	<p>Tilkynning um niðurstöður tilboðsins verður birt í gegnum fréttakerfi Nasdaq Iceland, www.nasdaqomxnordic.com/news, og á heimasíðu Origo, www.origo.is, innan þriggja (3) viðskiptadaga frá lokum gildistíma tilboðsins, eða í seinasta lagi þann 27. febrúar 2023, samanber 1. mgr. 109. gr. laga um yfirtökur.</p>
<p>9. Fjármögnun tilboðs</p>	<p>Kaup tilboðsgjafa samkvæmt tilboði þessu eru fjármögnuð með eiginfjárframlagi og lánsfé.</p> <p>Arion banki veitir ábyrgð sem tryggir greiðslu reiðufjár til hluthafa sem samþykkja tilboðið í samræmi við skilmála þess, í samræmi við 5. mgr. 103. gr. laga um yfirtökur.</p> <p>Fyrir utan framangreinda greiðsluábyrgð ber Arion banki ekki ábyrgð á staðhæfingum sem fram koma í þessu tilboðsyfirliti eða ályktanir sem dregnar eru af slíkum upplýsingum.</p>
<p>10. Samþykkisferli</p>	<p>Þeir tilboðshafar sem vilja samþykkja tilboðið geta annars vegar fyllt út og undirritað samþykkiseyðublað eða hins vegar samþykkt tilboðið rafrænt á vef valfrjálsa tilboðsins á vefslóðinni www.arionbanki.is/tilbod-origo. Hægt verður að skrá sig inn á vefslóðina með rafrænum skilríkjum.</p> <p>Samþykktareyðublaðið ásamt öðrum tengdum skjölum verða einnig aðgengileg hjá Arion banka, Borgartúni 19, 105 Reykjavík. Jafnframt er hægt að nálgast tilboðsyfirlitið á heimasíðu Origo, www.origo.is, í fréttakerfi Nasdaq Iceland og á heimasíðu Arion banka, www.arionbanki.is.</p> <p>Útfyllt og undirritað samþykkiseyðublað skal skilað innan gildistíma tilboðsins til Arion banka, Borgartúni 19, 105 Reykjavík merkt „Valfrjálst tilboð í Origo“. Rafrænt samþykki tilboðsins skal liggja fyrir eigi síðar en kl. 13:00 þann 22. febrúar 2023.</p> <p>Samþykki á tilboðinu er bindandi og óafturkræft. Þeir tilboðshafar sem hafa samþykkt tilboðið, mega ekki selja eða framselja, hvorki beint eða óbeint, hluti sína í Origo til þriðja aðila.</p> <p>Hluthafi sem samþykkir tilboðið skal greiða þóknun í samræmi við gjaldskrá viðkomandi reikningsstofnunar vegna afhendingar og framsals hluta af vörslureikningi hluthafans. Enginn annar kostnaður af hálfu tilboðsgjafa eða umsýjaraðila fellur á þá hluthafa sem samþykkja tilboðið.</p>

<p>11. Afhending og greiðsla</p>	<p>Greiðslur fyrir hluti þeirra sem samþykkja tilboðið verða greiddar í íslenskum krónum inn á þann bankareikning sem tengdur er vörslureikningi bréfanna hjá viðkomandi hluthafa.</p> <p>Greiðsla verður innt af hendi eigi síðar en fimm (5) viðskiptadögum eftir að gildistími valfrjálsa tilboðsins rennur út eða í síðasta lagi kl. 23:59 miðvikudaginn 1. mars 2023.</p> <p>Greiðsla er háð því að i) samþykkiseyðublað hafi verið fyllt rétt út eða metið gilt af tilboðsgjafa eða hluthafi skráð samþykki sitt rafrænt á vef valfrjálsa tilboðsins, ii) hluthafi eigi bankareikning og vörslureikning hjá reikningsstofnun eða fjármálastofnun og iii) hlutir séu kvaða- og veðbandalausir samkvæmt vottorði yfir vörslureikning frá Nasdaq verðbréfamiðstöð hf. Tilboðsgjafi áskilur sér rétt til að fá staðfestingu á hvort kvaðir eða veðbönd séu á hlutum áður en greiðsla fer fram.</p> <p>Séu hlutir ekki kvaða- og veðbandalausir, áskilur tilboðsgjafi sér rétt til að líta svo á að fullnægjandi samþykki liggja ekki fyrir.</p> <p>Tilboðsgjafi mun fara með atkvæðisrétt yfirtekinna hluta þegar uppgjör og afhending þeirra hefur farið fram og tilboðsgjafi hefur verið skráður eigandi hlutanna í hlutaskrá Origo.</p>
---	--

4. Upplýsingar um Origo

Origo er samstæða þjónustufyrirtækja í upplýsingatækni sem hefur verið með landsmönnum allt frá því forveri þess hóf að selja skrifstofuvélar árið 1899. Einkunnarorð Origo eru „Betri tækni bætir lífið“ en Origo er leiðandi samstarfsaðili fyrirtækja (stórra sem smárra), opinberra aðila og einstaklinga á Íslandi. Hjá Origo starfa yfir 500 manns heima og að heiman.

Viðskiptavinir Origo samstæðunnar eru rúmlega 30.000, héraðs og erlendis. Félagið býður upp á öflugt lausnaframboð fyrir lítil, meðalstór og stór fyrirtæki. Allt frá búnaði, stafrænni umbreytingu, kerfisrekstri og þjónustu að upplýsingaöryggi, ERP og BI, ásamt stafrænum heimi. Félagið býður enn fremur upp á sérhæfðara lausnaframboð fyrir banka, mannauðsdeildir, ferðaiðnaðinn, orkugeirann og heilbrigðisstofnanir.

Origo varð til þegar Nýherji, TM Software og Applicon sameinuðust árið 2018. Félagið rekur sögu sína til ársins 1949 og var lengi vel IBM á Íslandi. IBM á Íslandi, og síðar Nýherji, var þekkt fyrir að vera í fararbroddi héraðslands við markaðssetningu á IBM-tölvum og þjónustu við fyrirtæki og heimili. TM Software, sem síðar varð Skyggjarnir, var á meðal 500 stærstu hugbúnaðarfyrirtækja í Evrópu upp úr aldamótum. Applicon hafði haslað sér völl á Norðurlöndum sem ráðgjafarfyrirtæki á sviði hugbúnaðar.

Viðskipti eru með hlutabréf Origo á skipulegum markaði Nasdaq Iceland hf. („Nasdaq Iceland“) en þau hafa auðkennið ORIGO. Hlutabréfin eru rafrænt skráð hjá Nasdaq verðbréfamiðstöð hf. og hafa ISIN númerið IS0000000396.

5. Umsjónaraðili

Tilboðsgjafi hefur ráðið Arion banka sem umsjónaraðila með valfrjálsa tilboðinu.

Vakin er athygli á eftirfarandi hagsmunum Arion banka vegna Origo:

- Arion banki er lánveitandi AU 22 ehf. í tengslum við valfrjálsa tilboðið
- Arion banki hefur í gildi ráðgjafarsamning við AU 22 ehf. vegna valfrjálsa tilboðsins

Í tilboðsyfirliti þessu felst engin ráðgjöf af hálfu Arion banka. Tilboðsyfirlitið byggir á upplýsingum frá tilboðsgjafa og opinberum upplýsingum. Umsjónaraðili hefur ekki staðreynt eða lagt mat á réttmæti þessara upplýsinga.

Vakin er sérstök athygli tilboðshafa á því að Arion banka er samkvæmt 5. mgr. 45. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga óskyld að meta hvort viðskiptin séu tilhlýðileg fyrir tilboðshafa og tilboðshafar njóta því ekki þeirrar verndar sem í slíku mati kann að felast. Tilboðshöfum er því ráðlagt að leita sér sérfræðiaðstoðar varðandi viðskipti með hluti í tengslum við valfrjálsa tilboðið.

Nánari upplýsingar eru veittar hjá Fyrirtækjaráðgjöf Arion banka í gegnum tölvupóstfangið origo@arionbanki.is og í síma 444-7000.

6. Framtíðaráætlanir

Hugverkaiðnaður á Íslandi hefur haslað sér völl sem sterk stoð þjóðarbúsins á undanförunum misserum sem hentar íslensku hagkerfi vel í ljósi þess að hann þrífst í umhverfi sem er stutt af virkri nýsköpun.

Origo er rótgróið upplýsingatæknifyrirtæki sem samanstendur af mörgum mismunandi einingum sem runnið hafa saman yfir langt tímabil. Félagið hefur gengið í gegnum miklar breytingar í ytra umhverfi sínu undanfarin ár með skýjavæðingu, breyttum áherslum og almennum kröfum viðskiptavina til upplýsingatækni. Alfa Framtak hefur fylgst náið með félaginu og vegferð starfsmanna, stjórnenda og eigenda félagsins við uppbyggingu eins öflugasta upplýsingatæknifélags Íslands.

Ákveðin kaflaskil hafa nú átt sér stað hjá félaginu í kjölfar sölu á öllum eignarhlut þess í Tempo til fjárfestingasjóðsins Diversis Capital. Alfa Framtak vill taka þátt í þeim umbreytingum sem eru fylgifiskur slíkra kaflaskila í góðri samvinnu við núverandi stjórnendur og aðra hluthafa með því að skerpa enn frekar á þjónustuframboði og skipulagi félagsins – viðskiptavinum og félaginu til hagsbóta. Tilboðsgjafi hefur ekki í huga verulegar breytingar á störfum stjórnenda og starfsmanna né þeirra starfsskilyrða sem þeir búa við. Í fyrirhuguðum breytingum gæti þó meðal annars falist aukið sjálfstæði einstakra rekstrareininga, svo sem notendalausna, og einnig kæmi til greina að skoða að fá inn meðfjárfesta í aðrar einstakar rekstrareiningar félagsins, en í því samhengi mætti til dæmis nefna Syndis og lausnir fyrir ferðaþjónustu. Verði af slíkum breytingum gæti slíkt haft áhrif á störf stjórnenda og starfsmanna félagsins. Tækifæri gætu einnig falist í nýtingu á fjármunum félagsins til uppkaupa á hentugum viðbótareiningum við rekstur félagsins ef slík tækifæri sýna sig hratt, eða útgreiðslu hluta fjármunanna til hluthafa. Tilboðsgjafi telur jafnframt að tækifæri geti falist í almennri endurskipulagningu og endurskoðun á húsakosti félagsins.

Það er skoðun tilboðsgjafa að hlutabréf félagsins skuli afskráð úr kauphöll í því skyni að skapa aukinn sveigjanleika fyrir þær breytingar sem tilboðsgjafi telur að ráðast þurfi í. Verði hlutirnir teknir úr viðskiptum, sem er meðal annars háð samþykki Nasdaq Iceland hf., verða þeir ekki skráðir á neinum viðurkenndum verðbréfamarkaði eða markaðstorgi fjármálagerninga og því verulegar líkur á því að enginn virkur markaður verði með hlutina. Þá hefur flot á hlutabréfum félagsins farið minnkandi, heildarvirði félagsins er nú það lægsta á aðalmarkaði Nasdaq á Íslandi eftir sölu á Tempo og tilkostnaður vegna skráningar er því hlutfallslega hár. Komi til þess að hlutafé í félaginu safnist á enn færri hendur er það líklegt til að hafa neikvæð áhrif á verðmyndun og seljanleika bréfanna. Tilboðsgjafi telur í ljósi þeirra áskorana sem félagið stendur frammi fyrir og nefndar hafa verið, t.a.m. breytinga í ytra umhverfi félagsins og kaflaskila í kjölfar sölu á eignarhlut þess í Tempo, að því sé betur farið utan verðbréfamarkaðar í höndum samstillts hluthafahóps sem getur veitt stjórnendum aðhald og stutt við bak þeirra í þeim ákvörðunum sem taka þarf til að tryggja samkeppnishæfi félagsins til framtíðar, samanber umfjöllun um möguleika í rekstri félagsins að ofan. Hvað samþykktir félagsins varðar telur tilboðsgjafi þær miðaðar að hagsmunum skráðs félags með fjölbreyttan hluthafahóp. Komi til þess að eignarhald félagsins færir á færri hendur í kjölfar þessa tilboðs, eða komi til afskráningar félagsins, myndi tilboðsgjafi skoða tækifæri sem fælust í einföldun á ýmsum þáttum er snúa að stjórnarháttum

félagsins. Gæti þar komið til skoðunar breytingar á samþykktum félagsins, s.s. hvað varðar skipan stjórnar en þar gæti verið horft til þess stuðla að því að sérhæfð þekking sé til staðar í vissum tilfellum með möguleikanum að skipa áheyrnarfulltrúa í stjórn. Þá er það mat tilboðsgjafa að nauðsynleg umbreyting í rekstri félagsins í kjölfar kaflaskipta sem áttu sér stað við sölu á Tempo, sem gæti m.a. falist í auknu sjálfstæði einstakra rekstrareininga, aðkomu meðfjárfesta að rekstrareiningum félagsins og uppkaupum á hentugum viðbótareiningum geti valdið sveiflum í afkomu á næstu árum. Tilboðsgjafi hyggst enn fremur skoða þann möguleika að koma á fót nýju kaupréttarfyrikomulagi, til viðbótar við núverandi fyrikomulag, sem yrði að hluta tengt rekstrarárangri einstakra eininga.

Arion banki ábyrgist valfrjálst tilboð tilboðsgjafa í samræmi við 5. mgr. 103 gr. laga um yfirtökur. Kaup tilboðsgjafa á hlutum í Origo í valfrjálsa tilboðinu verða fjármögnuð með eigin fé AU 22 og að hluta til með láni frá Arion banka. Lántaka tilboðsgjafa ræðst af fjárhæð samþykktra tilboða hjá öðrum hluthöfum Origo samkvæmt valfrjálsa tilboðinu.

7. Skýrsla stjórnar

Í samræmi við 5. og 6. mgr. 104. gr. laga um yfirtökur. skal stjórn Origo semja og gera opinbera sérstaka greinargerð þar sem fram kemur rökstutt álit stjórnarinnar á tilboðinu og skilmálum þess. Skal greinargerðin birt að minnsta kosti viku áður en tilboðstíma lýkur, sbr. 8. mgr. 104. gr. laga um yfirtökur. Hver stjórnarmaður skal einnig gera grein fyrir því hvort hann og aðilar honum fjárhagslega tengdir hyggist samþykkja tilboðið. Ef stjórninni berst tímanlega álit frá fulltrúum starfsmanna á því hvaða áhrif tilboðið kunnir að hafa á störf starfsmanna fyrirtækisins ber stjórninni að láta það álit fylgja með greinargerð sinni.

Séu stjórnarmenn, eða aðilar í samstarfi við þá samkvæmt 100. gr. laga um yfirtökur, aðilar að tilboði eða vanhæfir að öðru leyti til að fjalla um tilboð, og það leiðir til þess að stjórn er ekki ályktunarhæf, ber stjórninni samkvæmt 7. mgr. 104. gr. sömu laga að láta óháð fjármálafyrirtæki meta tilboðið og skilmála þess.

8. Samþykki valfrjálsa tilboðsins

Hluthafi sem vill samþykkja valfrjálsa tilboðið:

- skal annað hvort skila frumriti af rétt útfylltu samþykkiseyðublaði, sem er meðfylgjandi þessu tilboðsyfirliti á skrifstofu Arion banka, Borgartúni 19, 105 Reykjavík, merkt „Valfrjálst tilboð í Origo“ eða hins vegar samþykkja tilboðið rafrænt á vef valfrjálsa tilboðsins á vefslóðinni www.arionbanki.is/tilbod-origo með innskráningu með rafrænum skilríkjum; og
- skal greiða þóknun í samræmi við gjaldskrá viðkomandi reikningsstofnunar vegna afhendingar og framsals hluta af vörslureikningi hluthafans.

Sé samþykki hluthafa ekki rafrænt, þá verður réttilega útfyllt frumrit samþykkiseyðublaðs tilboðsins að hafa borist Arion banka fyrir kl. 13:00 þann 22. febrúar 2023. Hluthafi er ábyrgur fyrir því að koma frumriti samþykkiseyðublaðsins til Arion banka, Borgartúni 19, 105 Reykjavík.

Þar sem hlutir í Origo eru rafrænt skráðir hjá Nasdaq verðbréfamiðstöð hf. er nauðsynlegt fyrir þá hluthafa Origo sem samþykkja tilboðið að eiga vörslureikning hjá reikningsstofnun eða fjármálastofnun sem hefur gert samning um aðild að Nasdaq verðbréfamiðstöð hf. Eigi hluthafinn ekki vörslureikning, felur samþykki þetta í sér heimild til Arion banka að hafa samband við hluthafann vegna stofnunar vörslureiknings svo unnt verði að framselja og flytja hlutina og viðhafa aðrar ráðstafanir sem nauðsynlegar eru vegna framsalsins. Í samþykki hluthafa felst jafnframt heimild til Arion banka, eigi hluthafi vörslureikning hjá annarri reikningsstofnun en Arion banka, að senda samþykkiseyðublaðið eða staðfestingu á rafrænu samþykki til viðeigandi reikningsstofnunar til að láta framkvæma viðskiptin.

Þegar valfrjálsa tilboðið hefur verið samþykkt, í gegnum rafræna leið eða með innsendingu á frumriti, þá er viðkomandi hluthafa óheimilt að ráðstafa hlutum sínum í Origo með beinum eða óbeinum hætti til þriðja aðila. Sérhvert samþykki valfrjálsa tilboðsins er skuldbindandi og óafturkallanlegt. Tilboðsgjafi áskilur sér einhliða rétt til að ákveða hvort samþykkiseyðublað, sem ekki hefur verið fyllt út á réttan hátt, feli engu að síður í sér samþykki á tilboðinu.

Komi fram samkeppnistilboð frá þriðja aðila og það gert opinbert fyrir lok tilboðstímabilsins og áður en tilboðsgjafi tilkynnir opinberlega að hann hafi fallið frá þeim skilyrðum sem tilboðið er háð eða að skilyrðin hafi verið uppfyllt, þá er hluthöfum sem hafa tekið þessu valfrjálsa tilboði heimilt að afturkalla samþykki sitt með því að senda bréf með sannanlegum hætti þess efnis á skrifstofu Arion banka, Borgartúni 19, 105 Reykjavík merkt „Valfrjálst tilboð í Origo“, innan fimm (5) daga frá því að tilkynning um samkeppnistilboð kom fram.

9. Upplýsingaskýlda

Að neðan er að finna samantekt á tilkynningum, auk tengla á fréttakerfi Nasdaq, sem Origo hefur birt í fréttakerfi Nasdaq Iceland og á vef sínum, www.origo.is, á tímabilinu frá 1. desember 2021 og til og með þess dags sem tilboðsgjafi lýsti yfir að hann myndi leggja fram valfrjálsa tilboðið, þann 12. desember 2022:

Dags.	Fyrirsögn tilkynningar
17.12.2021	Origo hf. hefur samið við Landsbankann hf. um endurfjármögnun á langtímaskuldum félagsins með langtímafjármögnun að fjárhæð 1.500.000 milljónir króna.
17.12.2021	Origo hf. – Fjárhagsdagatal 2022
17.12.2021	Leiðrétting: Origo hf. hefur samið við Landsbankann hf. um endurfjármögnun á langtímaskuldum félagsins með langtímafjármögnun að fjárhæð 1.500 milljónir króna.
22.12.2021	Tempo, hlutdeildarfélag Origo tilkynnti í dag um kaup á ALM Works Inc.
07.01.2022	Origo hf. Breyting á framkvæmdarstjórn
07.01.2022	Origo hf.: - Flöggun Kvika banki hf -
11.01.2022	Origo hf.; Flöggun Kvika banki hf
14.01.2022	Origo hf. Jákvæð afkomuviðvörðun
16.01.2022	Origo hf. – Tilkynning frá tilnefningarnefnd
18.01.2022	Origo hf. – Flöggun – Kvika banki hf.
20.01.2022	Origo hf. – Flöggun – Kvika banki hf.
28.01.2022	Origo hf. – Uppgjör 4. ársfjórðungs 2021 birt 3. febrúar, afkomufundur 4. febrúar
03.02.2022	Origo hf: Gott ár að baki
03.02.2022	Origo hf. – Tilkynning um framkvæmd endurkaupaáætlunar
04.02.2022	Origo hf. – Viðskipti stjórnenda og nákominna aðila
09.02.2022	Origo hf. – Viðskipti stjórnenda -
10.02.2022	RAFRÆNN AÐALFUNDUR ORIGO HF.
11.02.2022	Origo hf. – Reglubundin tilkynning um kaup á eigin bréfum í samræmi við endurkaupaáætlun
16.02.2022	Origo hf. – Flöggun – Stefnir hf.
17.02.2022	Tillögur stjórnar lagðar fyrir aðalfund Origo hf. 3. mars 2022
21.02.2022	Origo hf. – Reglubundin tilkynning um kaup á eigin bréfum í samræmi við endurkaupaáætlun
25.02.2022	Origo hf. – Framboð til stjórnar á aðalfundi félagsins 3. mars 2022
25.02.2022	Origo hf. – Reglubundin tilkynning um kaup á eigin bréfum í samræmi við endurkaupaáætlun: Endurkaupum lokið.
03.03.2022	Origo hf. – Árs- og sjálfbærnisráskýrsla 2021
03.03.2022	Helstu niðurstöður aðalfundar Origo hf. sem haldinn var fimmtudaginn 3. mars 2022
07.03.2022	Origo hf. – Fjárhagsdagatal 2022
07.03.2022	Origo hf. – Viðskipti stjórnenda -
07.03.2022	Origo hf. – Flöggun Frigus II ehf. -
22.04.2022	Origo hf. – Flöggun Kvika banki hf. -
27.04.2022	Origo hf. – Uppgjör 1. ársfjórðungs 2022 og fjárfestafundur um Tempo
28.04.2022	Origo hf. – Flöggun Kvika banki hf. -

29.04.2022	<u>Origo hf. -Breytingar á framkvæmdarstjórn-</u>
04.05.2022	<u>Origo hf: 13,7% tekjuvöxtur frá fyrsta ársfjórðungi 2021</u>
05.05.2022	<u>Origo hf. – Flöggun Kvika banki hf. -</u>
24.05.2022	<u>Origo hf. – Flöggun Akta sjóðir hf. -</u>
27.05.2022	<u>ORIGO HF: Úthlutun kauprétta</u>
08.06.2022	<u>Origo hf. – Flöggun Kvika banki hf.</u>
03.08.2022	<u>Origo hf. – Jón Mikael Jónasson nýr framkvæmdastjóri Notendalausna Origo</u>
09.08.2022	<u>Origo hf. – Flöggun Kvika banki hf.</u>
15.08.2022	<u>Origo hf. – Flöggun Kvika banki hf.</u>
26.08.2022	<u>Origo hf. – Uppgjör 2. ársfjórðungs 2022 birt 30. ágúst, afkomufundur 31. ágúst</u>
30.08.2022	<u>Origo hf.: 7,7% tekjuvöxtur á fyrri árshelmingi 2022</u>
08.09.2022	<u>Flöggun Kvika banki hf.</u>
20.09.2022	<u>Flöggun Kvika banki hf.</u>
05.10.2022	<u>Origo hf. – Origo hf selur eignarhlut sinn í Tempo -</u>
24.10.2022	<u>Origo hf. – Sala á Tempo staðfest, söluandvirði greitt að fullu -</u>
25.10.2022	<u>Origo hf. – Uppgjör 3. ársfjórðungs 2022 og fjárfestafundur um Syndis</u>
28.10.2022	<u>15% tekjuvöxtur á þriðja ársfjórðungi</u>
08.11.2022	<u>Rafrænn hluthafafundur Origo hf.</u>
08.11.2022	<u>Origo hf. – Tilkynning um framkvæmd endurkaupaáætlunar</u>
10.11.2022	<u>Origo hf. : Tilkynning um viðskipti stjórnenda</u>
10.11.2022	<u>Origo hf. : Tilkynning um viðskipti stjórnenda- Leiðrétting</u>
14.11.2022	<u>Origo hf. – Reglubundin tilkynning um kaup á eigin bréfum í samræmi við endurkaupaáætlun</u>
21.11.2022	<u>Origo hf. – Reglubundin tilkynning um kaup á eigin bréfum í samræmi við endurkaupaáætlun</u>
24.11.2022	<u>Origo hf. – Hluthafafundur verður haldinn 1. desember 2022-Endanleg dagskrá og tillögur stjórnar</u>
28.11.2022	<u>Origo hf. – Reglubundin tilkynning um kaup á eigin bréfum í samræmi við endurkaupaáætlun</u>
29.11.2022	<u>Origo hf. – Reglubundin tilkynning um kaup á eigin bréfum í samræmi við endurkaupaáætlun – Lok endurkaupaáætlunar</u>
01.12.2022	<u>Origo hf. – Niðurstöður hluthafafundar 1. desember 2022</u>
02.12.2022	<u>Origo hf. – Lækkun hlutafjár með greiðslu til hluthafa</u>
12.12.2022	<u>Origo hf. – Valfrjálst tilboð í hlutabréf Origo hf. -</u>
12.12.2022	<u>Origo hf. – Flöggun AU 22 ehf. -</u>
12.12.2022	<u>Origo hf. – Flöggun Lífsverk lífeyrissjóður-</u>
12.12.2022	<u>Origo hf. – Breytingar á hlutafé</u>

10. Valdar fjárhagsupplýsingar

Þann 28. október 2022 birti Origo afkomutilkynningu fyrir þriðja ársfjórðung ársins 2022 (1. júlí – 30. september 2022). Hægt er að nálgast afkomutilkynninguna á heimsíðu Origo, www.origo.is, og heimasíðu Nasdaq Iceland hf., <http://www.nasdaqomxnordic.com/>.

Hér að neðan má finna rekstrarreikning og efnahagsreikning Origo fyrir þriðja ársfjórðung ársins 2022 auk ársreikninga 2021 og 2020 til samanburðar. Þá má jafnframt finna að neðan sjóðstreymi fyrir árin 2021 og 2020. Athuga skal að einfaldaðar útgáfur af rekstrarreikning og efnahagsreikning félagsins er að finna í afkomutilkynningu fyrir þriðja ársfjórðung ársins 2022. Ársreikningar 2021 og 2020 hafa verið færðir úr þúsundum króna í milljónir króna. Sé mismunur á neðangreindum upplýsingum og ársreikningunum sjálfum gildir það sem fram kemur í ársreikningum félagsins.

Rekstrarreikningur (m.kr.)

	2022 1/1-30/9	2021 1/1-31/12	2020 1/1-31/12
Seldar vörur og þjónusta.....	14.145	18.191	17.062
Vörunotkun og kostnaðarverð seldrar þjónustu.....	-10.338	-13.372	-12.847
Framlegð.....	3.807	4.819	4.215
Rekstarkostnaður.....	-3.380	-4.087	-3.885
Hagnaður fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld.....	427	732	331
Fjármunatekjur.....	-	47	31
Fjármagnsgjöld.....	-	-146	216
Hrein fjármagnsgjöld.....	-133	-98	185
Áhrif hlutdeildarféлага.....	588	966	132
Hagnaður fyrir tekjuskatt.....	882	1.600	278
Tekjuskattur.....	-71	-105	-26
Hagnaður ársins.....	810	1.494	252
EBITDA.....	1.184	1.601	1.078

Efnahagsreikningur (m.kr.)

	2022	2021	2020
	30/9	31/12	31/12
Rekstrarfjármunir.....	-	2.245	1.876
Óefnislegar eignir.....	-	3.171	2.906
Tekjuskattseign.....	-	9	5
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum.....	-	3.991	2.941
Verðbréfaeign og aðrar langtímakröfur.....	-	326	300
Fastafjármunir	10.819	9.742	8.028
Birgðir.....	-	1.776	1.453
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur.....	-	1.832	1.710
Handbært fé.....	-	1.795	1.173
Veltufjármunir	4.946	5.402	4.336
Eignir samtals	15.765	15.144	12.364
Hlutafé.....	-	435	435
Yfirverðsreikningur innborgaðs hlutafjár.....	-	121	121
Annað bundið eigið fé.....	-	3.787	3.133
Óráðstafað eigið fé.....	-	4.217	3.294
Eigið fé hluthafa móðurfélagsins.....	-	8.561	6.984
Hlutdeild minnihlutaeigenda.....	-	58	29
Eigið fé	9.647	8.619	7.012
Vaxtaberandi langtímaskuldir.....	-	950	641
Leiguskuldbindingar.....	-	1.675	1.304
Tekjuskattsskuldbinding.....	-	108	0
Langtímaskuldir	2.843	2.733	1.945
Næsta árs afborgun leiguskuldbindinga.....	-	417	326
Vaxtaberandi skammtímaskuldir.....	-	112	102
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir.....	-	3.263	2.978
Skammtímaskuldir	3.275	3.793	3.406
Skuldir samtals	6.118	6.525	5.352
Eigið fé og skuldir samtals	15.765	15.144	12.364

Sjóðstreymi (m.kr.)

	2022 1/1-30/9	2021 1/1-31/12	2020 1/1-31/12
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður ársins.....	-	1.494	252
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:	-		
Endurmat á skuldbindingu.....	-	0	-85
Afskriftir og virðisrýrnun.....	-	869	833
Hrein fjármagnsgjöld.....	-	98	185
Áhrif hlutdeildarféлага.....	-	-966	-132
Tekjuskattur.....	-	105	26
	-	1.601	1.079
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Birgðir, (hækkun).....	-	-287	-98
Viðskiptakröfur, aðrar skammtímakröfur.....	-	-6	332
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir.....	-	66	279
Breyting á rekstartengdum eignum/skuldum.....	-	227	514
	-		
Innheimtar vaxtatekjur.....	-	30	31
Greidd vaxtagjöld.....	-	-146	-130
Handbært fé frá rekstri	-	1.258	1.493
Fjárfestahreyfingar			
Fjárfesting í rekstrarfjármunum.....	-	-215	-334
Söluverð rekstrarfjármuna.....	-	8	14
Fjárfesting í óefnislegum eignum.....	-	-183	-298
Fjárfesting í rekstrareiningum.....	-	-267	0
Fjárfesting í hlutdeildarfélögum.....	-	-112	0
Arður frá hlutdeildarfélögum.....	-	108	0
Langtímakröfur, breyting.....	-	-9	-3
Fjárfestingarhreyfingar	-	-671	-620
Fjármögnunarhreyfingar			
Keypt eigin bréf.....	-	0	-33
Greiddur arður.....	-	0	-180
Tekin ný langtímalán.....	-	1.000	100
Afborganir langtímalána.....	-	-651	-64
Afborganir leiguskuldbindingar.....	-	-301	-371
Fjármögnunarhreyfingar	-	48	-548
Hækkun/(Lækkun) á handbæru fé.....	-	636	325
Handbært fé í årsbyrjun.....	-	1.173	826
Handbært fé í árslok.....	-	1.795	1.173

11. Hlutfé

Útgefið hlutfé Origo er að nafnverði 140.000.000 krónur, sem skiptist í jafnmarga einnar krónu hluti. Origo á 2.596.236 eigin hluti. Útstandandi hlutir þann 12. desember 2022 voru því 137.403.764.

Þann 30. september 2022 voru hluthafar Origo 1.011 talsins.

Hér að neðan má finna lista yfir 20 stærstu hluthafa Origo, eins og listinn birtist á vefsíðu félagsins, www.origo.is, þann 4. janúar 2022:

#	Nafn hluthafa	Nafnverð	% af heild
1.	AU 22 ehf.	41.010.308	29,29%
2.	Birta lífeyrissjóður	15.311.343	10,94%
3.	Lífeyrissjóður verzlunarmanna	14.061.973	10,04%
4.	Stapi lífeyrissjóður	10.074.067	7,20%
5.	Frigus II ehf.	9.874.976	7,05%
6.	Sjóvá-Almennar tryggingar hf.	4.956.826	3,54%
7.	Stefnir - Innlend hlutabréf hs.	4.048.797	2,89%
8.	Stefnir - ÍS 5 hs.	3.932.674	2,81%
9.	Origo hf.	2.596.235	1,85%
10.	Landsbréf - Úrvalsbréf hs.	1.780.166	1,27%
11.	GJS ehf.	1.609.195	1,15%
12.	Fossar fjárfestingarbanki hf.	1.351.015	0,97%
13.	IS EQUUS Hlutabréf	1.345.408	0,96%
14.	Kvika - Innlend hlutabréf	1.335.184	0,95%
15.	Jasnik ehf.	1.126.437	0,80%
16.	Almenni lífeyrissjóðurinn	1.023.881	0,73%
17.	IS Hlutabréfasjóðurinn	922.908	0,66%
18.	Kvika - IHF hs.	870.003	0,62%
19.	Landsbréf - Öndvegisbréf hs.	778.125	0,56%
20.	OmC Management ehf.	663.164	0,47%

12. Erlendir hluthafar

Þessum kafla tilboðsyfirlitsins er sérstaklega beint að þeim hluthöfum Origo sem eru ríkisborgarar eða íbúar utan Íslands eða sem halda á hlutabréfum fyrir slíka ríkisborgara eða íbúa og að öðrum aðilum (þ. á m. vörsluaðilum og fjárvörsluaðilum) sem kann að vera skylt að áframsenda skjöl í tengslum við valfrjálsa tilboðið utan Íslands.

Athygli er vakin á því að heimildir til útgáfu, birtingar og/eða dreifingar tilboðsyfirlits þessa kunna lögum samkvæmt að vera takmarkaðar í einstökum ríkjum. Aðgangur að valfrjálsa tilboðinu kann því að vera takmarkaður fyrir þá hluthafa sem búa ekki á Íslandi, vegna þeirrar lögsögu sem þeir tilheyra.

Tilboðinu er ekki, og verður ekki, beint eða óbeint, beint til aðila í lögsögu þar sem slíkt er óheimilt samkvæmt viðeigandi löggjöf viðkomandi lögsögu. Tilboðsyfirlit þetta, samþykkiseyðublað og önnur skjöl tengd valfrjálsa tilboðinu verða ekki, og mega ekki verða, beint eða óbeint, með hvaða hætti sem er (þ. á m. tölvupósti, pósti, símbréfi, síma, með netinu eða annarri rafrænni miðlun), útgefin, send eða með öðrum hætti afhent til, innan eða frá lögsögu ef slíkt fer gegn viðeigandi löggjöf í viðkomandi lögsögu. Hlutaðeigandi hluthafar eða umboðsaðilar þeirra geta ekki samþykkt valfrjálsa tilboðið, nema tilboðsgjafi ákveði annað sérstaklega og slíkt sé heimilt samkvæmt viðeigandi löggjöf. Ef hluthafar í Origo eru í vafa um ofangreint er þeim bent á að ráðfæra sig við óháðan fagaðila í viðkomandi lögsögu. Hvorki tilboðsgjafi né Origo bera ábyrgð á brotum annarra aðila gegn framangreindu.

Það er á ábyrgð allra hluthafa, sem búsettir eru erlendis og vilja taka tilboðinu, að ganga úr skugga um að slíkt samþykki sé í fullu samræmi við þau lög og reglur sem gilda í viðkomandi ríki í tengslum við valfrjálsa tilboðið, þ. á m. að aflað verði nauðsynlegra leyfa opinberra aðila og annarra stofnana, eftir því sem við getur átt, eða hvers konar gjöld og skattar í viðkomandi lögsögu verði greidd. Erlendir hluthafar skulu vera ábyrgir fyrir greiðslu allra slíkra gjalda og skatta og skulu slíkir erlendir hluthafar halda tilboðsgjafa (þ.m.t. aðilum sem starfa í umboði hans) skaðlausum vegna hvers konar gjalda, skatta eða krafna sem kann að þurfa að greiða vegna tilboðsins eða samþykkis þess af hálfu viðkomandi hluthafa.

13. Ógilding eða afturköllun tilboðs

Samkvæmt 106. gr. laga um yfirtökur fellur tilboð úr gildi ef lagaleg atriði réttlæta það eða viðurkenning stjórnvalda sem telja verður nauðsynlega til þess að eigendaskipti geti orðið að hlutunum liggur ekki fyrir þegar gildistíma tilboðs lýkur eða þeim hefur verið hafnað á gildistíma tilboðs.

Að öðru leyti en greinir í tilboðsyfirliti þessu er valfrjálsa tilboðið ekki háð skilyrðum og verður ekki afturkallað af hálfu tilboðsgjafa nema að uppfylltum skilyrðum 105. gr. laga um yfirtökur.

14. Breytingar á tilboðsyfirlitinu

Ef tilboðsgjafi gerir einhverjar breytingar á skilmálum þessa valfrjálsa tilboðs, eins og þeir eru tilgreindir í þessu tilboðsyfirliti, munu þær breytingar birtar opinberlega í samræmi við 3. mgr. 107. gr. og 114. gr. laga um yfirtökur.

15. Ýmislegt

Tilboðsyfirlitið hefur verið unnið á grundvelli (i) upplýsinga sem Origo hefur birt opinberlega eða hafa verið gerðar opinberar með öðrum hætti og (ii) upplýsinga frá tilboðsgjafa. Tilboðsgjafi getur ekki borið ábyrgð á nákvæmni eða áreiðanleika upplýsinga í lið (i). Tilboðsgjafi ber jafnframt ekki ábyrgð ef Origo hefur ekki sinnt upplýsingaskyldu sinni samkvæmt lögum varðandi atriði sem kunna að hafa áhrif á mikilvægi eða áreiðanleika upplýsinga sem fram koma í þessu tilboðsyfirliti.

Í samræmi við 17. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014, sbr. lög nr. 60/2021 um aðgerðir gegn markaðssvikum, ber Origo að birta opinberlega eins fljótt og auðið er þær innherjaupplýsingar sem varða Origo beint.

Tilboðshafar eru hvattir til þess að kynna sér allar fréttir og tilkynningar um Origo, sem hafa verið eða verða birtar á fréttasíðu Nasdaq Iceland, <http://www.nasdaqomxnordic.com/news>, og/eða á heimasíðu Origo, www.origo.is frá útgáfu tilboðsyfirlitsins og út gildistíma tilboðsins.

Tilboðsyfirlitið kann að innihalda upplýsingar um framtíðarmálefni eða -atburði, þar með talið yfirlýsingar um framtíðarniðurstöður, vöxt eða aðrar spár um þróun og ávinning í tengslum við tilboðið. Eðli málsins samkvæmt eru slíkar upplýsingar háðar áhættu og óvissu þar sem þær varða framtíðar atburði og aðstæður. Það er engin vissa fyrir því að slíkar upplýsingar verði að endingu réttar enda háðar ýmsum forsendum sem margar hverjar eru ekki á forræði tilboðsgjafa.

Umsjónaraðilar og tilboðsgjafi hvetja tilboðshafa til að leita sér ráðgjafar sérfræðinga vegna þessa tilboðsyfirlits. Samþykki á þessu tilboði kann að hafa í för með sér skattalegar afleiðingar og slíkar afleiðingar kunna að vera mismunandi milli tilboðshafa. Hlutir í Origo eru andlag skattlagningar líkt og greinir í lögum um tekjuskatt nr. 90/2003. Hluthöfum sem búsettir eru erlendis er sérstaklega bent á að leita sér skattaráðgjafar bæði hvað snertir íslenskan rétt sem og þann rétt sem þeir eru undirorpnir hverju sinni.

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands hefur staðfest þetta tilboðsyfirlit í samræmi við 2. mgr. 113. gr. laga um yfirtökur.

16. Lög og lögsaga

Um tilboðsyfirlitið, samþykkiseyðublaðið og alla samninga og samskipti milli tilboðsgjafans, umsjónaraðilanna og hluthafa í tengslum við valfrjálsa tilboðið gilda íslensk lög. Allan ágreining sem kann að rísa um efni og framkvæmd valfrjálsa tilboðsins skal bera undir Héraðsdóm Reykjavíkur.

Reykjavík, 19. janúar 2023

Tilboðsgjafi

AU 22 ehf.

Umsjónaraðili

Fyrirtækjaráðgjöf Arion banka

